

Fundargerð 486

Föstudaginn 22. maí 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði (Zoom). Þessir fundarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ), Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÐ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:03 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar 2020-2021 - til afgreiðslu
3. Skipun endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu
4. Endurskoðun starfsreglna endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu
5. Stjórnarháttayfirlýsing stjórnar - til afgreiðslu
6. Reglur um lausafjárstýringu - til afgreiðslu
7. Lánamál - til afgreiðslu
8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
10. Covid 19 - til umræðu og upplýsingar
11. Næsti fundur

Í upphafi fundar upplýsti AÐ um að Unnar Hermannsson hefði tekið við starfi hjá Íslenskum verðbréfum hf. og að hann reiknaði með að þar með væri stjórnarsetu hans lokið. Fjármálaeftirlit Seðlabanka mun skera úr um það og hefur verið upplýst.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 485.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar 2020-2021 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur Starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar 2020-2021.

AÐ fór yfir breytingar sem hafa verið gerðar á starfsáætluninni frá síðasta fundi eftir ábendingar stjórnarmanna.

Til máls tóku MBJ, HKH, KB, GP og SEP

Formaður bar upp starfsáætlunina og var hún samþykkt samhljóða.

3. Skipun endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um tillögu að skipan endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar 2020-2021. Lagt er til að gerð verði sú breyting á skipan endurskoðunarnefndar að Kristbjörg Kristbergisdóttir löggiltur endurskoðandi og forstöðumaður reikningshalds hjá VHE ehf. komi í stað Ólafs Viggó Sigurbergssonar. Nefndin verði auk Kristbjargar að öðru leyti skipuð sömu fulltrúum starfsárið 2020-2021, þ.e. Ragna Hjartardóttir löggiltur endurskoðandi, Sigríður Jóhannesdóttir og Halldóra Kristín Hauksdóttir til vara.

Til máls tóku GP MaH, SJ, MBJ og GP.

Formaður bar upp ofangreindar tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

4. Endurskoðun starfsreglna endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá Rögnu Hjartardóttur formanni endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar með nýjum starfsreglum endurskoðunarnefndar sem óskað er eftir að verði staðfestar af stjórn.

AÞ og SJ upplýstu um helstu breytingar á reglunum sem snúast fyrst og fremst um að skerpa á nokkrum þáttum og aðlaga þær að verklagi nefndarinnar.

SJ sagði frá bréfi frá Ársreikningaskrá sem nefndin fékk KPMG til að aðstoða sig við að svara.

Til máls tóku MBJ, KB, og MH.

Formaður bar upp starfsreglur endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Stjórnháttayfirlýsing stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að Stjórnarháttayfirlýsingu Byggðastofnunar sem AÞ kynnti. Hún byggir á leiðbeiningum um góða stjórnarhætti og skýrslu stjórnar og forstjóra í síðasta ársreikningi stofnunarinnar.

Til máls tóku MBJ, KB og GS.

Formaður bar upp stjórnarháttayfirlýsingu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Reglur um lausafjárstýringu - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að reglum um fjárstýringu Byggðastofnunar en málið var áður á dagskrá á fundi stjórnar nr. 484. AÞ og MH fóru yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar frá þeim fundi.

Formaður bar upp reglur um fjárstýringu Byggðastofnunar og voru þær samþykktar samhljóða.

7. Lánamál - til afgreiðslu

...

8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar Byggðastofnunar nr. 18/20 og 19/20.

Til máls tóku GÞ og MaH.

9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og yfirlit yfir rekstur 30. apríl 2020. AÞ fór yfir verkefni. AME upplýsti að nú lægi fyrir samningur frá EIF og að stefnt sé að því að leggja hann fyrir stjórn í júní ásamt tillögum að breytingu lánaflokka. SEÞ fór yfir störf og verkefni þróunarsviðs.

Til máls tóku KB, AÞ, SJ og MBJ.

10. Covid 19 - til umræðu og upplýsingar

AÞ upplýsti að mikið af beiðnum um frestanir á greiðslum væru að berast. Allt starfsfólk nú sameinað aftur á vinnustaðnum en þó ekki tekið á móti fólki á fundi og starfsfólk ekki á ferðinni.

AME upplýsti að helmingur af skilmálabreytingum væru frá aðilum í ferðapjónustu.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 12. júní og verður það fjarfundur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:13

Magnús Helgason fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____